

Ed.

706. Nefndarálit

[238. mál]

um frv. til 1. um Stofnlánadeild landbúnaðarins og byggingar í sveitum.

Frá 2. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Efni þessa frv. er tvíþætt. Annars vegar fjallar það um ráðstafanir til að afla fjár til Stofnlánadeildar landbúnaðarins, en hins vegar er það liður í viðtækari áformum um að breyta skipulagi yfirstjórnar landbúnaðarins, m. a. með því að leggja niður Landnám ríkisins.

Ekki verður um deilt, að Stofnlánadeildina skortir fé til að geta sinnt umsóknnum bænda um lán. Stafar það meðal annars af því, að deildin hefur tekið fé að láni með hærri vöxtum og til skemmri tíma en gildir um hennar eigin útlán. Gerir frumvarpið ráð fyrir, að deildinni verði aflað fjár með því að auka álögur á bændur, hækka verð landbúnaðarafurða til neytenda og veita fé úr ríkissjóði, sem að sjálfsögðu lendir á hinum almennu skattgreiðendum. Alþýðuflokkurinn getur ekki samþykkt slíka fjáröflun til stofnlánasjóðs, sízt af öllu enn eina hækkun á verði landbúnaðarafurða, sem neytendum hefur þótt hækka ærið ört í seinni tíð.

Alþýðuflokkurinn telur skynsamlegt að endurskoða stjórnkerfi landbúnaðarins og e. t. v. leggja niður einhverjar stofnanir til að gera kerfið einfaldara og ódýrara. Hins vegar liggja ekki fyrir upplýsingar um þessa endurskipulagningu í heild, óljóst er, hvernig verkefnum landnámsins verður sinnt, og engar skýringar hafa verið gefnar á kostum hins nýja kerfis eða hugsanlegum sparnaði. Eru það óviðunandi vinnubrögð að ætla Alþingi að samþykkja einn þátt þessa máls án þess að fá að sjá aðra þætti eða kanna málið sem heild. Af þeim sökum legg ég til, að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 12. apríl 1973.

Jón Árm. Héðinsson.